

Gönguferð á Eiríksjökul

Þegar ekið er um Borgarfjarðarhérað og norður yfir heiðar í björtu veðri fer ekki hjá því að menn festi sjónir á jöklunum tveimur, Eiríksjökli og Langjökli, sem ber við loft í austurátt að baki byggðarinnar. Mjallhvítir nema þeir við himinhvolfið og ósjálfrátt koma í hugann upphafsorðin í skáldsögu Halldórs Laxness, Fegurð himinsins: “Þar sem jökulinn ber við loft, hættir landið að vera jarðneskt en jörðin fær hlutdeild í himninum, þar búa ekki framan neinar sorgir og þessvegna er gleðin ekki nauðsynleg, þar ríkir fegurðin ein ofar hverri kröfu”. En þótt orð skáldsins vekji hjá manni ójarðneskar tilfinningar og hefji andann örlítið á flug er ekki þar með sagt að jöklarnir séu ósnertanlegir, ekki megi stíga á þá fæti og kynnast þeim af eigin raun.

Eftirfarandi greinarkorni er ætlað að leiða lesandann á þær slóðir, gefa honum örlitla innsýn í þann töfraheim sem þar er að finna og hvernig við getum án mikillar fyrirhafnar komist í snertingu við hann. Til slíkrar kynnisferðar skulum við velja síðustu dagana í júní, þegar sólargangurinn er lengstur og miðnætursólin slær rauðgullnum bjarma á jöklana og fjöllin.

Eiríksjökull er ein mesta prýði Borgarfjarðarhéraðs. Hann rís og gnæfir yfir heiðalöndin milli þess og Húnaþings. Að austan er Langjökull, Flosaskarð skilur þá að. Eiríksjökull er hæsta fjallið vestan Kjalar, oft hulinn þykkum skýjabólstrum. Þegar þeim hefur verið blásið burt ber mjallhvítan koll hans við himin. Þannig er mynd hans í huga mínum og þannig verður hann í lýsingu þeirri sem hér fer á eftir.

Við hefjum ferð okkar frá Húsafelli, hinum forna áningarstað þeirra ferðamanna, sem áður fyrr fóru fótgangandi eða á hestum milli héraða um Stórasand, Arnarvatnsheiði og Kaldadal. Nú er aðkoma þeirra þar með ólíkum blæ borið saman við fyrri tíð. Á Húsafelli er hverfi sumarbústaða, verslun og notaleg sundlaug þar sem ferðamenn geta þvegið af sér ferðarykið.

Frá Húsafelli er haldið að Kalmanstungu og inn á Arnarvatnsheiðarveg, yfir hálsinn sem skilur að Tunguna og Strútinn og niður að Norðlingafljóti þar sem það rennur ofan á Hallmundarhrauni upp að hálsinum. Síðan inn með undirhlíðum Strútsins að vestan og er þá hraunið og fljótið á vinstri hönd.

Þegar komið er inn undir Surtshelli, að litlum kaldavermslislæk sem heitir Brunnar, beygir vegurinn þvert út í hraunið en okkar leið liggur áfram inn með hlíðinni og stefnan tekið beint á Eiríksjökul. Þeir sem eru á fólksbílum ættu ekki að fara á þeim lengra en að Brunnnum, því leiðin framundan er nokkuð viðsjál slíkum farartækjum. En jeppar og aðrir torfærubílar geta haldið áfram eftir bílaslóðinni alla leið að tjaldstað, en samt verður að fara gætilega, því hraunið er torsótt.

Við norðvesturhorn Strútsins, svonefnt Strútstagl, er haldið út á Hallmundarhraunið, þá kvísl þess sem fyrrum rann austur með jöklinum að sunnanverðu. Þetta er afar seinfarin leið fyrir bíla, þar sem víða verður að fara yfir hvassar hraunbríkur og krækja fyrir klettanibbur. Þarf því mikla lagni til að stjórna ökutækinu á slíkri vegleysu. Göngumenn eru um tvo tíma frá Brunnnum að tjaldstað, þar af tekur gangan yfir hraunið um klukkustund ef rétt leið er valin. Austurhluti hraunsins er úfnari. Til að finna auðveldustu leiðina er heppilegra fyrir ókunnuga að skreppa upp í hlíðar Strútsins til að kanna aðstæður áður en lagt er af stað út á hraunið.

Efstu drög Hvítár koma undan suðurhlíðum Eiríksjökuls sem silfurtærar lindir, þar sem heitir Torfabæli. Þær liðast svo meðfram jaðri hraunsins en sumsstaðar renna þær í smásprænum út í það og mynda smáfossa milli grasi gróinna bakka. Að

sumarlagi eru bakkarnir hvanngrenir á að líta. Þarna eru miklar andstæður í litum náttúrunnar. Gefur það umhverfinu unaðslegan blæ. Þar er gott að tjalda og hafa næturdvöl.

Snemma morguninn eftir hefst undirbúningur jökulgöngunnar. Nesti, skíðaskór, aukafatnaður og helstu öryggistæki til jökulgöngu eru látin í bakpokann og skíðin síðan fest á hann. Ekki má gleyma sólglerauginum og áburði gegn sólbruna því framundan er löng ganga og síðan dvöl á jöklinum fram eftir degi. Hvergi er sumarsólin sterkari en einmitt á jökli og hún getur brennt illilega ef ekki eru gerðar viðeigandi varúðarráðstafanir í tæka tíð.

Besta leiðin á fjallið og sú sem oftast er farin liggur upp á hamrastallinn austanvert við djúpt gil, sem skert inn í fjallshlíðina sunnanverða. Þessi leið er greiðfær en allbrött, því hæðarmunur er allt að fjögur hundruð metrar. Skýrir götuslóðar marka leiðina, einkum ofan til, og léttir það gönguna að miklum mun. Þegar komið er upp á stallbrúnina blasir jökullinn við. Þar er hlaðin grjótvarða, sem er nauðsynlegur leiðarvísir, ekki síst í dimmviðri og þoku. Í henni er gestabók. Spökurinn að jökuljadrinum er greiðfær en nokkra stund tekur samt að ganga hann, Ef snjóa leysir seint á jöklinum nær snælinan lengra niður og styttr það leiðina að mun.

Nú hefst annar þáttur þessarar fjallgöngu og aðalævintýrið. Við setjumst niður, losum skíðin af bakpokanum og förum í skíðaskóna. Skiljum gönguskóna eftir og annan farangur, sem ekki þar að nota og leggjum af stað. Nú gæti margur haldið að fram undan væri hið mesta erfiði, bakrennsli, skæragangur og fleira, sem skíðagöngumenn þekkja manna best. En frómt frá sagt reynist þetta ástæðulaust. Ég hef tvívegis gengið á jökulinn á skíðum. Í hvorugt skiptið án nokkurra erfiðleika. Halli jökulbrekkunnar er það jafn og aflíðandi að um bakrennsli var ekki um að ræða svo orð sé á gerandi. Rétt er að taka fram að skíðin þurfa að vera vel smurð, riffluð eða með skinn undir.

Í rólegheitum fikrum við okkur upp eftir hvítri snjóbreiðunni. Okkur hitnar vel á göngunni. Svitinn perlar á andlitinu og lófarnir verða þvalir. Heitir sólargeislarnir hellast yfir okkur og endurkast þeirra frá snjónum veldur sviða í andliti. Nú koma sólgleraugin að góðum notum. Ekkert heyrir nema andardráttur félaganna og taktfastir smellir þegar skíðin og stafirnir snerta snjóinn. Útsýnið breytist örlítið við hvert skref. Svipmót Borgarfjarðarhéraðs skýrist smám saman. Skarðsheiði, Hafnarfjall og Baula fjarlægjast og smækka. Í fjarskanum skjóta Botnssúlurnar upp kollum sínum. Langjökull, Þórisjökull, Geitlandsjökull og Ok breiða út sína hvítu feldi og lengst út við sjóndeildarhring heilsar Snæfellsjökull, útvörðurinn mikli í vestri. Því ofar sem dregur sést meira og meira. Heiðalöndin í norðvestri, Stranda- og Húnaþingsfjöllin birtast í móðu fjarlægðar og setja sinn svip á þetta stórfenglega útsýni sem liggur hér fyrir fótum manns. Slíkar stundir upplifir maður ekki oft. Minningin grópast í hugann og mun fylgja manni ævilangt.

Þegar vð nálgumst jökulkollinn minnkar hallinn og gangan verður greiðari. Að lokum finnum við að efsta “punkti” er náð, því tilfinningin fyrir rennsli skíðanna hefur breyst. Þá er ekki um annað að gera en stansa og kasta mæðinni. Eitt fjall hefur nú bæst við innan sjóndeildarhrings, það er Krákur á Sandi, sem er eitt helsta kennileiti þeirra, sem fara um Stórasand. Hér er ekki um torfæra tinda að ræða heldur drifhvíta flatneskju, þar sem hvorki rykkorn né önnur saurindi hafa náð að ata út hinn hreina snjó og yfir okkur er aðeins himinbláminn. Í þessum annarlega heimi setjumst við niður, tökum til snæðings og látum þægilegan lúá líða úr líkamanum. Eftir nokkra hvíld stöndum við upp og göngum stóran hring til að virða betur fyrir okkur útsýnið og drögum að okkur hið tæra, hreina loft, sem hvergi er heilnæmara en hér. Það er ávallt erfitt að taka akvörðun um hvenær leggja skal niður aftur eftir allt þuðið. Helst

vilja menn dvelja sem lengst á toppnum, en tímann tekst ekki að stöðva. Hann líður hratt og að lokum er ekki til setunnar boðið.

Og svo er lagt af stað áleiðin niður. Fyrst eru skref stiginn, en innan stundar taka skíðin að líða áfram, hægt í fyrstu, en svo eykst hraðinn. Fram undan er brekkan, með sjö til átta hundruð metra fallhæð. Þeir sem vilja njóta hraðans fara beint af augum, en hin, sem fara sér hægjar, taka langa sveiga, til hægri í áttina að Arnarvatnsheiði og til vinstri að Flosaskarði. Við höfum góða stjórn á rennslinu, tökum langar beygjur, sneiðum brekkuna, ráðum hallanum og gerum ekkert annað en líða áfram eftir hinni snjóhvítu mjallbreiðu, sem seint virðist ætla að taka enda.

Þessi ferð endar að lokum eins og ávallt gerist. Við stöndum hjá steinum, þar sem við skildum farangurinn eftir. Þar höfum við skóskipti, búum um skíði og annan farangur á bakpokanum og fetum okkur svo niður skriðurnar áleiðin að tjöldunum sem bíða hjá læknum tæra við jaðar Hallmundarhrauns.

Þótt gangan á jökulinn hafi verið megintilgangur þessa ferðalags er ýmislegt annað skoða á þessum fagra stað og óhætt að eyða þar nokkrum stundum til viðbótar. Ganga í Flosaskarð er þægileg og eins inn að Eiríksgnípu. Unnt er að dvelja löngum stundum við lækina, lindirnar og tjarnirnar undir Torfabæli og þeir sem hafa gott þrek geta eytt heilum degi í gönguferð umhverfis jökulinn.

Eins og áður er sagt er Eiríksjökull hæsta fjallið á vestanverðu landinu. Samkvæmt mælingum segir kortið (kort Landmælinga Íslands frá 1988) okkur að hann sé 1672 m.y.s. (Eldri mælingar segja hann 3 m hærri). Flatarmál hans er um 23 ferkm. Fjallið er afar fornt, talið með þeim elstu á landinu. Myndaðist það við eldgos undir jökli á einhverju skeiði ísaldar.

Ekki eru til neinar óbyggjandi, traustar heimildir fyrir því hvernig nafnið á jöklinum er til komið, við skulum rifja upp þjóðsöguna um Hellismenn, sem er að finna í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Þar segir, að fyrr á öldum hafi hópur skólapilta frá Hólum lagst út í Surtshelli og farið þaðan í ránsferðir og rænt búsmala bænda. Einn þessara manna hét Eiríkur. Byggðamenn undu þessum búsisfjum illa sem von var. Haust eitt söfnuðu þeir liði og komu Hellismönnum að óvörum, þar sem þeir lágu sofandi í Vopnalág, en svo nefnist skeifumynduð, grasigróin dæld í Hallmundarhrauni skammt frá Surtshelli. Sló þegar í bardaga. Hallaði skjótt á Hellismenn og lögðu þeir á flóttu. Eiríkur tók á rás í áttina að jöklinum og fór á handahlaupum. Byggðamenn eltu. Ekki tókst þeim að ná honum, en einn komst svo nærri að hann gat höggvið til hans. Lagið kom á fótinn og tók af um ökkjalið. Eiríkur slapp samt og komst upp á hamar einn háan sem er suðvestan í fjallinu. Hinir þorðu ekki upp á eftir honum og skildi þar með þeim. Að þjóðlegum sið kvaddi Eiríkur óvini sína með þessari vísu:

Hjarta mitt er hlaðið kurt,
hvergi nái skeika;
með annað fótinn fór ég burt,
fáir munu eftir leika.

Jökullinn er síðan kenndur við Eirík svo og hamarinn stóri sem kallast Eiríksgnípa.

Ýmis skáld og málara hafa ort um Eiríksjökul í sögum, ljóðum og málverkum. Einna kunnast mun samt vera síðasta erindið úr ljóði Jónasar Hallgrímssonar, Réttarvatn, en það er svona:

Á engum stað ég uni
eins vel og þessum mér.
Ískaldur Eiríksjökull
veit allt sem talað er hér.

(Farvís 2. tbl. 3. árg. 1990)

